

Alþingi

Erindi nr. P 132/1723

21. apríl 2006

komudagur 21.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktun um uppbyggingu héraðsvega

Samkvæmt bréfi dags. 27. mars sl. óskar samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórna um þingsályktun um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar fagnar að heyra af ályktun sem miðar að því að veita 4 milljörðum króna til viðhalds og uppbyggingu héraðsvega, enda veitir ekki af að leggja til aukið fjármagn í málaflokkinn.

Eins og margoft hefur komið fram eru vegamál víða á Norðurlandi í mjög slæmum málum og væru þessir 4 milljarðar kærkomin viðbót við það fé sem fyrirhugað er til vegagerðar í landinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Hörgárbyggðar,

Elvar Árni Lund